

Íslenska kalkpörungafélagið ehf.

Hafnarteigi 4

465 Bíldudalur

Reykjavík, 13. desember 2024

UST202312-075/R.S.

08.04

### **Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Íslenska kalkpörungafélagsins ehf.**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Íslenska kalkpörungafélagsins ehf., kt. 680601-2670 (hér eftir Ískalk) þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ískalk er með starfsleyfi frá 29. janúar 2021 til að framleiða allt að 120.000 tonn á ári af kalki og öðrum kalkafurðum sem gildir til 29. janúar 2037.

Í erindinu er sótt um breytingu á gr. 3.3 þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun felli úr gildi kröfu um uppsetningu vindbrjóta. Í matskyldufyrirspurn Ískalks og niðurstöðu Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar stækkunar á framkvæmdinni frá 2019 kemur fram að hefta eigi fok úr efnishaugum með vindbrjótum. Til að geta tekið afstöðu til umsóknarinnar beindi Umhverfisstofnun því til Ískalks að senda erindi til Skipulagsstofnunar til að fá úr því skorið hvort að breytingin krefðist þess að matskylduákvörðunin yrði tekin upp. Í svari Skipulagsstofnunar sem barst 3. október sl. segir:

*„Miðað við þær upplýsingar sem fylgdu fyrrnefndu erindi Íslenska kalkpörungafélagsins, þ.e. minnisblað verkfræðistofunnar Vatnaskila um greiningu á mælingum rykmengunar í Bíldudal dags. 1. desember 2023 virðist uppsetning slíkra vindbrjóta hafa hverfandi áhrif á rykmengun á Bíldudal. Skipulagsstofnun telur að ekki verði litið á það sem breytingu á þeirri framkvæmd sem stofnunin tók ákvörðun um í nóvember 2019, þ.e. að vindbrjótar verði ekki settir upp, sem kalli á málsmeðferð skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka við lögin.“*

Umhverfisstofnun hefur farið yfir minnisblað Vatnaskila og svar Skipulagsstofnunar og hefur tekið ákvörðun um að breyta gr. 3.3 í starfsleyfi Íslenska kalkpörungafélagsins ehf. Breytingin felst í því að í stað þess að í 3. másl. 1. mgr. segi: „Vindbrjótar skulu settir upp innan þriggja ára frá útgáfu starfsleyfisins til þess að skýla hráefnishaugum og draga þannig úr áhættu á rykmengun. Hæð hráefnishauga innan vindbrjóta skulu ekki fara yfir hæð vindbrjótanna sjálfra.“ kemur: „Verði rykmengun af geymslu hráefna eða framleiðsluvöru utandyra getur Umhverfisstofnun farið fram á að rekstraraðili grípi til aðgerða til að draga úr foki úr efnishaugum, t.d. með uppsetningu vindbrjóta eða öðrum aðgerðum sem stofnunin metur fullnægjandi.“

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 8. nóvember til og með 9. desember 2024. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 8. nóvember 2024 ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartímanum.

### **Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi rekstraraðila:**

Eftirfarandi breyting er gerð á 1. mgr. gr. 3.3 í starfsleyfinu:

3. málslíður 1. mgr. orðast svo:

„Verði rykmengun af geymslu hráefna eða framleiðsluvöru utandyra getur Umhverfisstofnun farið fram á að rekstraraðili grípi til aðgerða til að draga úr foki úr efnishaugum, t.d. með uppsetningu vindbrjóta eða öðrum aðgerðum sem stofnunin metur fullnægjandi.“

Felldur er á brott 4. másl. 1. mgr.

### ***Kæruheimild og kærufrestur***

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Auður H. Ingólfssdóttir

**forstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**